



Borgarráð

Reykjavík, 1. september 2026

MSS26080087

Yfirlit yfir fækkun stöðugilda á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði

Lagt er fram til kynningar yfirlit yfir fækkun stöðugilda á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði til samræmis við neðangreinar fyrirspurnir borgarráðsfulltrúa.

1. Listi yfir þau 86 stöðugildi sem voru lögð niður í skipulagsbreytingunum.
2. Yfirlit yfir þau störf sem stóðu til boða þeim starfsmönnum sem var sagt upp

Vegna fyrirspurnar um fjölda stöðugilda sem lögð voru niður er rétt að árétt að við þær breytingar sem samþykktar voru á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs voru 62 stöðugildi lögð niður. Mikilvægt er að gera greinarmun á stöðugildum sem voru lögð niður annars vegar og fjölda starfsfólks sem fékk uppsögn hins vegar. Breytingarnar leiddu til uppsagna 86 starfsmanna en þeir voru ekki allir í fullu starfi og af þeim fengu 32 boð um ný störf. Neðangreind tafla sýnir fjölda stöðugilda í uppsögnunum eftir störfum, sem snertu 86 starfsmenn. Einnig kemur fram í yfirlitinu sá fjöldi starfsfólks sem fékk boð um nýtt starf og hvaða störf það voru.

STÖRF	FJÖLDI STÖÐUGILDA UPPSÖGN	FJÖLDI STARFSFÓLKS SEM FÉKK BOÐ UM NÝTT STARF	NÝ STÖRF SEM VORU BOÐIN
Framkvæmdastjóri miðstöðvar og Keðjunnar, hverfisstjóri	4	2	Starf deildarstjóra
Deildarstjóri á miðstöð og í Virknihúsi	14	7	Starf deildarstjóra
Deildarstjóri á skrifstofu, hjá Barnavernd og sérfræðingur fjármála og reksturs	11,2	12	Starf verkefnastjóra á skrifstofu félags- og húsnæðismála, skrifstofu barna- og fjölskyldumála / starf sérfræðings á skrifstofu fjármála og reksturs
Umsjón húsnæðis	1	0	
Forstöðumaður	3	0	
Starfsmaður og verkefnastjóri matarþjónustu	3,3	0	
Sérfræðingar Virknihús	5,8	0	



Reykjavík



Sérfræðingar samræmdri móttöku flóttafólks	18	0	
Samtals VEL	60,3	21	
Fagstjóri leikskóla og grunnskóla og framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva	5	2	Starf deildarstjóra
Deildarstjóri barna- og unglingastarfs	7	6	Frístundasérfræðingur í skóla- og frístundaþjónustu
Skrifstofustjóri, fjármálastjóri frístundamiðstöðva, fjármálaráðgjafi og mannauðsráðgjafi í miðstöðvum	10,7	3	Fjármálaráðgjafi og mannauðsráðgjafi
Verkefnastjóri	1	0	
Samtals SFS	23,7	11	

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari